



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangout - 7.6.2016 kl. 18:00

Mætt:

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMR), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JB), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS),

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ragnar Róbærtsson (RR), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Reykingar á keppnissvæðum

Starfsfólk aksturskeppna á ekki að reykja meðan það er við starfa sína á keppni þar sem um íþróttviðburð er að ræða. Ætlast verður til að sé þess nauðsyn þá verði séð til að sérstakt reyksvæði verði.

Varðandi almenna kynningu á því að um íþróttaviðburð sé að ræða og að reykingar séu ekki leyfðar mun eftifarandi sniðmát sent á aðildarfélög AKÍS með vinsamlegum tilmælum um að setja þau á áberandi staði.



2. Myndbandsupptöku á keppni

Ekki er talin ástæða til að útbúa svipuð skilti vegna myndbandsupptöku sem stendur, samanber: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5649>

Senda kurteist bréf á AÍFS og Víkurfréttir þess efnis að það er hefðbundið að óska eftir heimild AKÍS til að taka myndir til almennrar birtingar svo AKÍS hafi hugmynd um hvar verið er að birta efni um akstursíþróttir.

3. Nýliðaflokkur Rally 2016

Erindi um nýliðaflokk í rally barst bæði til stjórnar AKÍS og keppnisráðs í rally. Stjórn telur að það sé á höndum rallyráðs að svara erindinu. Keppnisráð í rally og stjórn munu síðan tilgreina upphæð í viðauka.



4. Erindi frá driftdeild AÍH

Samþykkt að keppni í drifti verði færð frá 30.7.2016 til 24.7.2016.

5. NEZ fundur í Lilleström

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri koma með tillögu um hverjir fari út á næsta stjórnarfund.

Athuga þarf hverjir verða fulltrúar AKÍS í NEZ nefndum á næsta ári.

6. Women in Motorsport

Katrín María Andrésdóttir er fulltrúi AKÍS í FIA Women in Motorsport. Ráðstefna verður haldin verður í Lissabon í Portúgal 7.-8. október 2016.

Samþykkt að gera kostnaðaráætlun vegna þáttöku og taka fyrir á næsta fundi stjórnar AKÍS

7. FIA Sport Conference 2016

Samþykkt að formaður AKÍS sitji þessa ráðstefnu fyrir hönd AKÍS.

8. Kolefnisjöfnuður

Til samræmis við umhverfisstefnu AKÍS mun áætluð meðaleldsneytisnotkun í hverri grein akstursíþróttu yfir heilt keppnistímabil til að hægt sé að kolefnisjafna allar akstursíþróttir á Íslandi.

9. Erindi vegna rallycrosskeppni 5. júní 2016

AKÍS tekur ekki afstöðu til pólitískra álitamála. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

10. Önnur mál